

Stefna og agareglur Íslenska Pílukastsambandsins

Landslið Íslands í pílukasti



1. Stefna og reglur þessar eru settar til að vernda orðspor íslensks pílukasts og tryggja að þeir sem valdir eru í landsliðshóp verði landi sínu og þjóð til sóma.
2. Samkvæmt lögum Íslenska Pílukastsambandsins (ÍPS) hefur það umsjón með vali á píluköstum í landslið Íslands hverju sinni. Stjórn ÍPS ræður landsliðsþjálfara og gefur honum rétt til þess að velja í úrtakshóp fyrir hvert landsliðsverkefni og velja að lokum þann hóp sem keppir fyrir hönd Íslands á Norðurlanda-, Heimsmeistara- og Evrópumótum.
3. Pílukastarar í landsliði Íslands, bæði í úrtöku- og lokahóp, skulu ávallt leitast til þess að haga sér eins og sönnum landsliðsmönnum sæmir, bæði á pílumótum og utan þeirra.
4. Pílukastarar skulu ekki að ógna, móðga, niðurlægja eða mismuna öðrum á grundvelli fötlunar, trúarbragða, kynþáttar, þjóðerni, kyni eða kynhneigð með neinum hætti.
5. Ætlast er til að þeir sem eru valdir í landsliðshóp taki þátt í skipulögðum æfingum á vegum sambandsins sem settar eru á af landsliðsþjálfara. Einnig skal háttsemi þeirra á æfingum sem og á pílumótum vera í anda íþróttarinnar þar sem íþróttamannsleg hegðun er höfð í fyrirrúmi.
6. Ætlast er til að landsliðsmenn taki þátt í að auglýsa og þróa pílukast á Íslandi.
7. Pílukastarar skulu hátta undirbúning sínum með þeim hætti að þeir spili eins vel og þeir geta í hverjum leik og skulu þeir klára alla leiki sem þeir taka þátt í.
8. Á æfingum og keppnum á vegum ÍPS skulu landsliðsmenn stilla áfengisdrykkju í hóf og í samræmi við stefnu og reglur ÍPS og tilskipun landsliðsþjálfara. Telji landsliðsþjálfari að leikmaður sé ölvaður á æfingu eða keppnum á vegum ÍPS er honum heimilt að vísa leikmanni úr landsliðinu. Þetta á við hvort sem um er að ræða keppni á Íslandi eða utan landsteinanna. Óheimilt er að neyta áfengis á meðan leik stendur. Unglingalandsliði Íslands er með öllu óheimilt að neyta áfengis eða annarra vímuefna við æfingar eða í keppni.
9. Landsliðsþjálfari í samvinnu við ÍPS tekur á öllum agabrotum og ákveður refsingu í hverju tilfelli fyrir sig.
10. Telji leikmaður að brotið hafi verið á hans rétti skal hann senda ÍPS skriflegt erindi sem borið skal upp á stjórnarfundum ÍPS.